

Sláturlambarekstur á Reyðarfjörð haustið 1940

Haustið 1940 rak ég fyrst með pabba lömbin á Reyðarfjörð. Aðdragandi þess var sá að öllu fénu var smalað daginn áður í réttina, ærnar dregnar úr og hýstar um kvöldið í fjárhúsunum heima á túni en lömbunum var hleypt út í Litlahagann á beit til morguns. Þar var góður hagi í sundinu og í ásbrekkunum svo þau voru vel undirbúin reksturinn. Þessi 150-200 lömb jörmuðu óaflátanlega alla nóttina. Á hverju hausti var ég búin að hlusta á þessa synfóníu. Ærnar tóku stundum undir heima í Bjarnarhúsi. Litlihaginn er örstutt frá bænum og Miðásklettarnir endurvörpuðu mikið þessu síðasta ákalli lambanna til mæðra sinna. Mamma vakti mig fyrir klukkan sjö og ég klæddi mig í snatri og fór niður í eldhús. Þar hafði verið kveikt ljós á lampanum, þótti mér nýlunda því ég var ekki vanur að fara svona snemma á fætur. Ég var voðalega syfjaður og kvíðinn og nú urðum við ekki sammála um hvað ég ætti að vera mikið búinn. Ég kveið fyrir að vera svo þungur á mér. Ég var vanastur að vera hlaupandi við fjárat. Þá mundi ég allt í einu að auðvitað átti rekstrarmaðurinn að vera á hesti. Síðast festum við mamma tösku fyrir aftan hnakkinn á Báru út á hlaði. Þar var nesti og varavettlingar handa mér. Þær Halla og Solla voru farnar fyrir nokkru að smala Litlahagann út að hliði í Miðásendanum og pabbi var þar tilbúinn á hesti að taka við þeim. Ég held svo sem skjótast upp í túnhlið. Þá var reksturinn að hverfa upp fyrir Miðásenda. Ég var fljótur upp á ásin og þær sendu mig þá að ríða fyrir lömb sem ætluðu norður fyrir Miðsund, sem er breytt þarna. Ég gat gert því skil og lét mikið bera á hvað Bára væri fljót að hlaupa. Á þeim aldri var ég alltaf vanur að ríða á stökki enda hestarnir engir gapar en ekki svo dáðlausir að ég kæmi þeim ekki á stökk. Við beygðum út af götunum við Efribjörgin utan við bæinn á Urriðavatni. Rákum niður fyrir utan tjörnina og svo inn með túngirðingu. Þá var komið aðhald á aðra hlið því svo tók vatnið við. Hingað áttu þær systur að fylgja okkur. Þær voru gangandi. Við kvöddum þær á götunum ofan við Kollinn. Ég var nú ekki bjartsýnn þegar þeirra naut ekki lengur við en svo gekk allt vonum betur inn með vatni niður veg að brúnni á Fljótinu. Þá kom Helgi til hjálpar, var þá búinn að vera búsettur á Helgafelli í nokkur ár. Það var oft stímabrák fyrir þá sem þurftu að reka stóra rekstra á brúna en okkar var lítill. Pabbi tók kind, kannski rollu ef til var í rekstrinum, og dróg á undan út á pallinn og áfram þar til búíð var að þröngva öllum lömbunum inn á milli handriðanna. Þá var kindinni sleppt og ef allt gekk upp fór reksturinn að teygja úr sér austur brúna. Þegar komið var austur á miðja brú eða lengra byrjaði hópurinn oft á að hlaupa ákaflega til endans og lömbin stukku í loft upp. Þá heyrðustu dunur miklar í brúarpallinum svo hundar ætluðu að

sleppa sér af kæti. Ég heyrði sagt að það hefði stundum tekið nokkra klukkutíma að koma stórum rekstrum útá og yfir brúna ef t.d. slitnaði oft í sundur. Okkur gekk svo vel austur Nes og inn. Þegar komið var upp fyrstu brekkuna sem byrjaði þar sem Landsbankinn er nú var allt ósnortið að sjá út Gálgas. Þegar komið var austur í háls fór að verða meiri fyrirhöfn. Austan í hálsinum liggja rjóðurgeilar niður í átt að ánni. Þangað vildu lömbin slá sér niður í smá hópum í kafgras. Við urðum að fara gangandi niður fyrir þau. Þar var illt um vik fyrir hest vegna skógar og bratta. Á endanum komum við inn að hnútu sem pabbi var búinn að benda mér á fyrir löngu að þar væri farið að stytast á leiðarenda. Vegurinn sveigir þar niður fyrir hnútuna og inn yfir Köldukvísl á góðri brú. Þar fyrir neðan veginn var dálítið hallalaust pláss. Þar setti pabbi féð útaf og þar voru smá girðingarhólf á malarlandi. Þar hýstum við féð í einni réttinni og bundum vel grindur. Þá var farið að skyggja mikið. Rétt síðar kom annar rekstur, Fjallselsmenn og Egilssels. Þeir hýstu líka í hólfi þarna. Féð sem rekið hafði verið hægt inn Egilsstaðaskóg var ekki svangt. Nú er til að taka að segja frá kofa þeim sem skildi verða okkar næturstaður. Hann var úr torfi og grjóti en þó meira grjóti og snúpti undir mel nokkrum þar við fjárhólfin. Hann var almennt kallaður Hótel Hrutshorn. Hann var byggður af gæsku Þorsteins kaupfélagsstjóra við bændur og umönnun við þá sem færðu í hendur hans „hvíta gullið“. Ekkert timbur var innvortis í kofa þessum utan stoðir í hvorum enda að bera mæniás. Raftar voru lagðir upp á hann og niður á hellu sem var undir endanum á veggnum. Ekki man ég hvort var járn eða torf á þakinu en vel á minnst, nú kemur að því að það voru innanstokksmunir í kofanum. Pallur lág meðfram langhliðinni sem snéri að melnum. Hann var það breiður að hæfði jafnvel stórum mönnum að liggja þar í flatsæng. Nú var það jafnan fyrsta verk allra hótelgesta að fara ofaní brekkuna neðan við kofann og rífa upp berjaling og mosa til að mýkja undir sér á pallinum og hrís undir höfuðið eða utanyfirföt. Ég lág á milli pabba og Guðfinns á Urriðavatni en Urriðavatnsmenn höfðu verið langt á undan okkur þennan dag og sett sitt fé niður á Fleti á beit um nóttina. Þeir voru þarna Pétur og Hallgrímur í Fjallseli og líklega Eiríkur þó að ég muni það ekki. Ég man ekki eftir neinum frá Egilsseli í þetta sinn. Um morguninn fer Hallgrímur til baka með alla hestana nema Jarþ pabba. Það var ekki verið ríðandi nema fyrsta daginn en komið með bíl að neðan aftur. Pabbi var orðinn hérumbil sextugur og farinn að stirðna til gangs. Ég reið svo á hestinum upp yfir þegar búið var.

Í sauðljósu um morguninn var lagt af stað. Þá setjum við saman Urriðavatns og Skógargærðisfé og rekum í félagi niðureftir. Var það líklega hagur fyrir okkur alla. Löngum var gott að reka yfir dalinn, engin hætta að missa féð langt frá sér. Tveir frammeð og einn á eftir var hagstætt. Þá var hægt að fara vel með féð á rekstri, ekki hundbeita. Alla

leiðina frá Urriðavatnsenda og á Reyðarfjörð var góður vegur að manni fannst í þá daga. Það eina sem setti strik í reikninginn var bílaumferð. En þessir fáu Kaupfélagsbílar voru ekki svo mikið að þvælast fyrir en enski herinn var kominn til sögunnar og strollur af þeirra farartækjum settu vejulegast alla rekstra útaf og út um hvippinn og hvappinn. Ekkert gerðist sögulegt á leiðinni. Við komustu í björtu út í Nes, utan við þorpið á Reyðarfirði. Á þessu nesi voru rekstrar venjulega geymdir yfir nótt þegar þeir komu að ofan og þar skildum við líka Jarp eftir. Guðfinnur skildi við okkur innst í þorpinu og fór í sinn næturstað. Pabbi fór í Ártún til Jóns og Bjargar sem höfðu gistiherbergi en þar var allt fullt svo hann hugsar sér að gista hjá Sigurjóni í Bakkagerði sem hann hafði oft gert áður. Þar var kunningja og vinafólk hans. Óskaplega varð ég óhress með hvað Bakkagerði var utarlega í þorpinu. Ég var alveg að niðurlotum kominn af þreytu og síðasta spölinn drógst ég með naumindum. Þegar inn kom var borinn fram kvöldmatur góður. Þegar ég hafði borðað nokkuð fór ég að kasta upp og gat vart haldið ballans í stólnum. Þá kom til góð kona, líklega dóttir Sigurjóns, og þreif mig og gólfði og leiddi mig svo inn í rúm og sagði að ég væri víst orðinn lúginn. Ég hefði ekki þolað að koma inn í hitann úr haustkulinu. Ég skammaðist mín ákaflega fyrir þetta en leið miklu betur vegna þess hve konan tók milt á þessu tilstandi.

Um morgunin förum við pabbi snemma inn á Kaupfélagssvæði. Hittum Guðfinn og förum þegar inn í Nes að sækja reksturinn. Hættast var við að rekstrar lentu saman þar en eitthvað var af girðingum til að sporna við því. Við rekum svo út í Kaupfélagssláturrétt. Þar drögum við í sundur og við pabbi rekum okkar fé áfram út í sláturrétt Kristins Magnússonar kaupmanns. Enda var þá búið að reka pabba úr Kaupfélaginu fyrir að vera ekki á sömu skoðun og Framsóknarflokkurinn. Síðan átti ég oft eftir að koma í sláturrétt Kristins, í fyrstunni með rekstra og svo á bíl. Kristinn byrjaði á undan KHB að keyra fé að ofan, líklega 1945, en við lögðum inn hjá honum til 1950 eða lengur. Ég var einn dag um kyrrt í neðra, var þá mest í sláturréttinni. Var svo að rýna í menninguna, aðallega hjá hernum. Svo hitti ég stráka sem vildu sýna mér það merkilegasta. Það var Kaupfélagsbryggjan og skip sem þar lág og fallbyssuhreiður upp í melum. Svo var talið snjallt að heilsa Bretum með nasistakveðju. Þá urðu þeir reiðir. Á planinu kringum sláturhúsið var skúr sem auðvelt var að komast uppá. En sá þótti hugaðastur og mestur sem þorði að stökkva ofan af honum þar sem hann var hæstur. Hann hækkaði mikið í annan endann. Ég man eftir einum þessarra drengja, það var Þorgeir Þorsteinsson kaupfélagsstjóra. Daginn eftir reið ég upp yfir á Jarp og gekk fluks. Þegar heim kom átti ég brjóstsykur sem ég vildi traktera fólkið á og vorkenndi því að hafa setið heima og verið fjærri öllu því góða gamni sem ég var búin að lenda í.